



**Stjórnarfundur haldinn 28. apríl. 2005 kl:20:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá VÍS v/tryggingarbanka.

**3. Send bréf.**

Bréf sent til knattspyrnudeildar v/svar við erindi þeirra 14.apríl '05.

**4. Framtíðarsýn félagsins í félagsheimilamálum.**

Kynning á hugmyndum aðalstjórnar vegna félagsheimilis sem yrði sett ofaná búningklefa íþróttahússins á Sunnubraut. Mættir voru bæjarstjórinn Árni Sigfússon, Viðar Már byggingarfulltrúi og Ragnar Örn Pétursson frá MÍT. Einar bauð gestina velkomna og var með stutta kynningu á þeim hugmyndum sem liggja fyrir en að því loknu gaf hann Þorleifi Björnssyni orðið en hann hefur unnið þessa hugmynd fyrir aðalstjórn. Þorleifur fór nokkrum orðum um þessa byggingu. Einar þakkaði Þorleifi fyrir góða kynningu og gaf orðið laust. Góðar umræður urðu um málið.

**5. Íþrótt- og leikjaskóli Keflavíkur 2005.**

Tilbúið að dreifa innritunarblöðum í skólana til barnanna.

**6. 17. júní 2005.**

Nefndin er búinn að halda einn fund.

**7. Önnur mál.**

Hermann Helgason formaður körfuknattleiksdeildar Keflavíkur var mættur á fundinn. Einar bauð Hermann velkominn á fundinn og gaf honum orðið. Hermann óskaði eftir framlengingu á yfirdrætti í Landsbanka Íslands. Hermann fór yfir helstu þætti í stöðu deildarinnar. Einar þakkaði Hermann fyrir komuna.

Samþykkt að veita deildinni framlengingu á fyrirdrætti til 1. september 2005 allt að einni miljón króna. Einar sagði frá þeim fyrirlesturum sem hann hefur haldið í nafni félagsins. Einar skrifaði undir samninga varðandi íþrótt- og leikjaskóla og 17. júní 20. apríl '05 í félagsheimili UMFN.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:50.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

